



CCU

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

FRÉTTABRÉF | 1. TBL - 18. ÁRG | FEBRÚAR 2022

FUNDARBOÐ - 22. FEBRÚAR KL. 20:00

AÐALFUNDUR CCU

Gleðilegt nýtt ár kæru félagar. Vonandi eru allir í góðu standi til að halda áfram inn í nýtt ár og bjartari tíma. Við í stjórn óskum þess, eins og líklega margir, að Covid tímanum sé senn að ljúka og losun hafta og takmarkana gangi vel.

Fyrsti fræðslufundur ársins verður aðalfundur með stuttum fyrirlestri og fer hann fram þriðjudagskvöldið 22.02.2022 - Langflottasta dagsetning ársins !

Nú eru samkomutakmarkanir 50 manns og það ætti að vera nóg fyrir okkur ef miðað er við mætingar á aðalfundi síðustu ára :-)

Salurinn í Vistor er rúmgóður og lítið mál að halda góðu billi milli fundargesta. Vonumst til að einhverjir sjái sér fært að mæta á staðinn en við verðum líka live í umræðuhópnum á fésbókinni eins og áður.

Dagskrá aðalfundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðasta árs
2. Yfirfarnir reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Tillaga stjórnar um starfsemi næsta árs
4. Kosning stjórnar
5. Kosning varamanna
6. Kosning skoðunarmanna reikninga
7. Tillögur sem hafa borist
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Ungliðahópurinn
10. Önnur mál

Eftir aðalfundinn verður boðið upp á smá hressingu og síðan verður Kjartan Örvar meltingarsérfræðingur með stuttan fyrirlestur. Hann ætlar meðal annars að fjalla um Calprotectin prófin, rannsóknir og þá reynslu sem við höfum fengið varðandi notkun.



Fundurinn verður í sal Vistor, Hörgatúni 2 Garðabæ, gengið inn frá Bæjarbrautinni og hefst kl. 20:00.



CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Varaformaður Elísabet Sværisdóttir | Gjaldkeri Hulda Björg Þórðardóttir | Ritari Sóley Veturlíadóttir | Meðstjórnandi María Olsen
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir | Ungliðatengiliðir Rakel Ýr, Tinna og Guðlaug | Vefstjóri Svavar Kjarrval

ÞARNÆSTI FUNDUR

Seinni fræðslufundur vorsins er kominn í vinnslu og stefnt er á að hann verði í samvinnu með Stómasamtökunum.

FRÉTTIR

CCU sá um að halda Norðurlandafund fyrstu helgina í nóvember á síðasta ári og var þá búið að fresta fundinum um eitt ár vegna Covid. Okkur fannst allt vera í góðum gir en stuttu fyrir fund ruku smit upp og allt fór á hvolf aftur. Elísabet, Hulda og Sóley ætluðu að sjá um fundinn en bæði Sóley og Hulda lentu í smitgát korteri í fund og allt skipulag í uppnámi. Hrefna varamaður stökk inn á síðustu stundu í fyrirpart fundar og sem betur fer losnaði Hulda úr gátinni og gat mætt á hádegi á laugardeginum.



Covid hafði líka áhrif á mætinguna á síðustu stundu og fyrirlesari á fundinum var Sigurgeir Ólafsson.

Hópurinn var sammála um að það væri gott að hittast þrátt fyrir covid. Mikilvægt sé fyrir Norðurlandafélögin að hjálpast að, deila reynslu sinni og upplýsingum þannig að þær nýtist sem flestum.

SIDEKICK HEALTH...

sérhæfir sig í stafrænni heilbrigðisþjónustu og hefur gefið út app sem leiðir notendur í gegnum lífstílsbreytingar á sviði næringar, hreyfingar og hugræktar, sem saman mynda grunninn að góðri heilsu. Appið er frítt og félagsmönnum CCU stendur til boða að taka þátt í almennum ráðgjafahópi til að rýna og betrubæta stuðningsúrræði Sidekick Health með þarfir notenda að leiðarljósi. Hópurinn er meðal annars fenginn til að tjá sig um nýja hönnunar eiginleika áður en þeir eru birtir, hvernig bæta megi appið og þjónustuna og hvað ætti að forðast.

Meiri og betri upplýsingar veitir:
Sóldís Guðbjörg Ólafsdóttir
soldis@sidekickhealth.com

Ef þú vilt skrá þig beint þá er slóðin:

<https://forms.gle/u1yL8tEV1jefZ2Pd6>